

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendablettur 241A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 25. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, svæðið milli vatns og vegar, fyrir Vatnsendablett 241A. Í breytingunni felst að færa lóð og byggingarreit fjær Elliðavatni og nær Elliðahvamsvegi. Afmörkun leigulands breytist ásamt lóðarmörkum 1.500 m² lóðar sem var með heimild fyrir 350 m² íbúðarhúsi og er lóð skipt upp í tvær lóðir fyrir sitt hvort 400 m² íbúðarhúsið. Íbúðum fjölgar úr einni í tvær. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,23 í 0,46.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. desember 2025.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026